

**41. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
22. júní 2016 og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Valgarður L. Jónsson varaáheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1410075 - Rai home care matstæki**

Laufey Jónsdóttir kynnti RAI home care matstækið og nýtingarmöguleika þess í heimaþjónustu. Lagt fram minnisblað hennar um breytur fyrir öflun frekari upplýsinga um þjónustubörf.

*Ráðið þakkar Laufeyju kynninguna.*

**2. 1606028 - Trúnaðarmál**

**3. 1410137 - Mannréttindastefna - samráðshópar**

Lögð fram tillaga að auglýsingu eftir tilnefningum og framboðum til setu í samráðshópum í málefnum innflytjenda og fatlaðs fólks.

*Ákveðið að miða við að auglýsingar verði birtar í ágúst með tilnefningarfresti til 1. september. Auglýsing vegna samráðshóps í málefnum íbúa af erlendum uppruna verða þýdd á ensku og pólsku.*

**4. 1606099 - Starfslok sviðsstjóra**

Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs hefur sagt starfi sínu lausu. Hann hefur ráðið sig til starfa fyrir Akureyrarkaupstað og mun láta af störfum í september.

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Jóni Hróa gott samstarf og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.**

*Vilborg Þ. Guðbjartsd.*  
*Anna Þóra Þorgilsdóttir*  
*Valgarður L. Jónsson*  
*Einar Brandsson*  
*Jón Hrói Finnsson*